



Lífið er lærdómur.

Njóttu þess.

Þjálfun/símenntun getur verið kostnaðarsamt ferli. Þess vegna er mikilvægt að vanda til verksins. Tengja þjálfun við markmið og stefnu fyrirtækisins, þjálfun á að verða hluti af daglegri starfsemi. Greining á þörfum eykur líkur á því að sú fjárfesting sem er lögð í fræðslu og starfsþróun skili sér í bættum árangri fyrirtækja.

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ miðar að því að lána út mannauðsráðgjafa, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins t.d. námsleiðir samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins – þar sem það á við.

Fræðslustjóri að láni er árangursmiðað verkfæri sem miðar að því að samhæfa og nýta lausnir sem þegar eru til, ýmist innan fyrirtækjanna og/eða hjá símenntunarstöðvum eða öðrum fræðsluaðilum. Það er mikið til af góðum náms- og þjálfunarúrræðum á vinnumarkaðnum en mörg þeirra eru lítið notuð meðal smærri fyrirtækja, hugsanlega vegna skorts á kynningu. Mörg fyrirtæki, einkum þau stærri, eru með fjölbreyttar þjálfunaráætlanir fyrir sitt starfsfólk. Vandinn er fá yfirsýn yfir fræðsluna og koma henni í farveg sem gagnast bæði fyrirtækinu og starfsmönnum. Þar er þörf fyrir fræðslustjóra í afmörkuð, skilgreind verkefni. Fyrirtæki þurfa að geta brugðist við breytingum og þróun og verið sveigjanleg bæði í starfsmannahaldi og verkefnum til að vera ávallt skrefi á undan viðskiptavinum sínum og helstu samkeppnisaðilum. Til að fylgja þessari þróun eftir og til að ná góðum árangri þurfa fyrirtæki að laða fram það besta í öllum starfsmönnum á hverjum degi.

Hér skiptir öllu máli rétt viðhorf og hvatning stjórnenda. Stjórnendur sem hafa áhuga og skilning á þeim jákvæðu áhrifum sem verða hjá starfsmönnum ef þeir fá tækifæri til að auka við færni sína og þróast innan fyrirtækisins ná auknu samkeppnisforskoti á markaðnum.

Starfsþróun

Þekking og hæfni úreldist á nokkurra ára eða jafnvel mánaðar fresti. Því er fyrirtækjum nauðsynlegt að skapa starfsmönnum þá þjálfun/símenntun sem eykur hæfni þeirra.

Starfsþróun er kerfiðsbundið ferli sem hefur það markmið að láta starfsmanninn falla betur að starfinu sem hann gegnir. Starfsþróun er langtímaverkefni sem hefur það markmið að auka hæfni starfsmanna og gefur fyrirtækjum jafnframt tækifæri til að endurskipuleggja.

Aukin þjálfun leiðir m.a. til:

- Aukins hagnaðar
- Bættrar þjónustu
- Aukinnar gæði vöru
- Eykur starfsánægju og fyrirtækjahollustu

Leiðir til starfsþróunar

Hvaða aðferðir og leiðir stuðlar að góðri starfsþróun starfsmanna? Hvort sem er þróun á eigin starfi, þar sem fylgja þarf eftir breytingum eða þróun í hærri stöðu.



- Þörfin er metin með tilliti til stefnu og markmiða fyrirtækisins.
- Greining á þörfum eykur líkurnar á því að sú fjárfesting sem lögð er í fræðslu og starfsþróun skili sér í bættum árangri fyrirtækja.

- Leggja áherslu á mjúk atriði eins og gildi og fyrirtækjamenningu.
- Hvað hefur starfsmaðurinn gert? Hvaða störfum hefur hann gengt? Hvaða verkefni hefur hann unnið? Hvaða hæfni hefur hann tileinkað sér? Hvaða hæfni vantar hann?
- Starfsmannasamtöl eru árangursríkt tæki til stjórnunar og skipulagningar á starfsþróun.
- Starfsmaðurinn greinir styrkleika sína og það sem má bæta og skráir tækifæri og hindranir.
- Áhrifaríkustu frammistöðukerfin eru þau sem eru hönnuð út frá markmiðum fyrirtækja.
- Meiri skilningur stjórnenda á þörfum starfsmanna
- Nýjar hugmyndir, nálganir og lausnir sem auðvelda öllum vinnuna.
- Dregur úr starfsmannaveltu – starfsmenn eru dýrmætasta auðlindin í fyrirtækjum.
- Skilar hagkvæmari rekstri og betri árangri.
- Aukin þjálfun og menntun starfsmanna bætir samkeppnisstöðu fyrirtækja.